

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (WÞÞ, HarB, BjG, NTF, PállM).

1. Við 6. gr. Nýr liður:
 - 2.20 Að selja eignarhlut ríkisins fasteign að Halldórsstöðum í Laxárdal.
2. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 4.24 Að selja lóð í eigu ríkisins við Þjórsárgötu og Þorragötu, Reykjavík.
 - 4.25 Að selja eignarhlut ríkisins í lóð við Austurveg 4, Selfossi.
3. Í stað orðsins „húsnæði“ í lið 6.11 í 6. gr. komi: fasteignir.
4. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 6.21 Að ganga til samninga um kaup ríkisins á „Villa Nova“, Aðalgötu 23, Sauðárkróki.
 - 6.22 Að kaupa viðbótaraðstöðu fyrir starfsemi safnsins við Gljúfrastein, Mosfellsbæ.
5. Í stað „54.576 m.kr.“ í lið 7.6 í 6. gr. komi: 55.863 m.kr.
6. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 7.14 Að þiggja að gjöf fasteignir á Litlabæ í Skötufirði, Hraunskirkju í Keldudal og Þverárkirkju í Laxárdal til varðveislu í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.
 - 7.15 Að ganga til samninga um kaup á réttindum að Íslenskri orðabók og eftir atvikum öðrum sambærilegum orðabókum og fela stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að miðla þeim rafrænt í opnum aðgangi í því skyni að efla íslenska tungu.
 - 7.16 Að nýta svigrúm sem kann að myndast vegna óreglulegra tekna ríkissjóðs til þess að greiða inn á skuldbindingar ríkissjóðs vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.
 - 7.17 Að ganga á grundvelli útboðs til samninga um þróun, innleiðingu og notkun á nýju samskipta- og upplýsingakerfi fyrir Stjórnarráð Íslands til allt að tíu ára.
 - 7.18 Að ganga til samninga við Minjavernd um afhendingu og uppgerð á fasteignum sem ekki eru nýttar af hálfu ríkisins en nauðsynlegt þykir að vernda einkum vegna menningarsjónarmiða.
 - 7.19 Að leggja Íslandspósti til aukið eigið fé vegna fyrirbyggjandi lausafjárvanda félagsins.